

16. fundur Ungmennaráðs Norðurlægis

*Haldinn 23.mars 2026 í fundarsal stjórnsýslunnar að Garðarsbraut 5, 2.hæð Húsavíkur
kl.16:30*

Mætt voru: Katla, Guðrún Halla, Heiðdís Dalrós, Benedikt, Jón Emil, Höskuldur og Herdís

Stefán Jón Sigurgeirsson íþrótta- og tómstundafulltrúi ritaði fundargerð

Dagskrá:

1. Yfirferð á Samþykktum ungmennaráðs

Fyrir Ungmennaráði liggja til kynningar samþykktir um ungmennaráð þar sem kveðið er á um hlutverk ráðsins, réttindi og skyldur.

Bókun fundar: Íþrótta- og tómstundafulltrúi fór yfir samþykktir um ungmennaráð og starfsemi ráðsins.

2. Kosning formanns, varaformanns og ritara

Fyrir ungmennaráði liggur að kjósa í hlutverk ráðsins þ.e. formann, varaformann og ritara:

Bókun fundar: Ungmennaráð samþykkir samhljóða að hlutverkin verði eftirfarandi:

Formaður verði Katla María Guðnadóttir

Varaformaður verði Jón Emil Chrisophsson

Ritari verði Guðrún Halla Jónsdóttir

3. Ungmennafélag á Húsavík 14.-15.apríl 2026

Til umræðu var Ungmennafélag SSNE sem haldið verður á Húsavík 14-15.apríl og dagskrá þingsins kynnt. Sveitarfélaginu er heimilt að tilnefna 5 fulltrúa á þingið ásamt starfsmanni.

Ungmennaráð tilnefnir eftirfarandi aðila til þess að sækja þingið:

Heiðdís

Katla

Guðrún

Höskuldur

Benedikt

Ungmennaráð lýsir ánægju sinni að þingið fari fram á Húsavík og hlakkar til að taka þátt í því.

4. Áform um mótun ungmennastefnu Íslands 2026-2033 mál nr. S-40/2026

Fyrir ráðinu liggja áform um mótun ungmennastefnu fyrir ísland árin 2026-2033 og tækifæri til þess að veita málinu umsögn í samráðsgátt.

Bókun fundar: Lagt fram til kynningar

5. Norðurorg / Samfés

Ungmennaráð hefur til umfjöllunar NorðurOrg 2026 og Samfés 2026. Keppandi Norðurþings, Hólmfríður Bjartey Kristjánsdóttir stóð sig vel með flutningi á laginu Ashes (Celine Dion) á NorðurOrgi og komst áfram og mun því taka þátt í Samfés 2026. Stór hópur rúmlega 50 stuðningsmanna frá Túni og Beisinu var henni til stuðnings á Ólafsfirði.

Ungmennaráð vill óska Hólmfríði til hamingju með árangurinn og óskar henni velmegni á Samfés í maí nk. Það er líka frábært að sjá þátttöku ungmenna bæði frá Túni og Beisinu á þessa viðburði og hvetur ungmennaráð alla áfram til að taka svona virkan þátt í þessum viðburðum og öðru félagsstarfi.

6. Félagsmiðstöð/uppbygging frístundarhúsnæðis á Húsavík

Fyrir ungmennaráði liggur fyrir til kynningar og umfjöllunar framkvæmd á nýju frístundar og félagsmiðstöðvarhúsnæði á Húsavík.

Bókun fundar:

Ungmennaráð leggur til að skoðaður verði möguleiki á að hefja starfsemi

Ungmennahúss fyrir aldurinn 16-25.

Búnaður sem ungmennaráð leggur til að skoðaður verði möguleiki á til uppsetningar; pool, borðtennis, golfhermir, þægilgur sófi, scolia píla, studio, tölvuleikjasalur, sjónvarp, myndlistaraðstaða og segja fólki að ganga vel um búnaðinn.

Samstarf/samnýting með NEF, hafið verði samtal við NEF varðandi nýtingu á húsinu og mögulegrar samnýtingar á starfsfólki.

Nafn á nýju húsi, lagt til að það verði nafnasamkeppni þar sem kosið verður um tillögur í Borgarhólsskóla og Framhaldsskóla Húsavíkur.

7. Önnur mál

Fjármálakennsla fyrir ungmenni frá 14 – 19 ára.

Ungmennaráð skorar á bæði skóla og félagsmiðstöðvar að standa fyrir aukinni fjármálakennslu/læsi í samvinnu með viðeigandi aðilum.

Kynfræðsla eigi að byrja fyrr:

Ungmennaráð vill beina því til skólayfirvalda að kynfræðsla byrji fyrr en hún gerir í dag og sé markvissarri.

Fleiri valmöguleikar á tungumálakennslu.

Ungmennaráð leggur til að hægt sé að velja um fleiri tungumál sem þriðja tungumál í tungumálanámi á framhaldsskólastigi.

Mörk á Dúddavelli

Ungmennaráð óskar eftir að nýjum mörkum verði komið fyrir á Dúddavelli á Kópaskeri.

Körfuboltavöllurinn á Kópaskeri:

Ungmennaráð óskar eftir því að körfuboltavöllur á Kópaskeri verði yfirfarin og lagfærður. Ástand hans í dag er ekki viðunandi.

Endurbætt líkamsræktaraðstaða á Kópaskeri

Ungmennna ráð fagnar nýrri og endurbættri líkamsræktaraðstöðu á Kópaskeri og skorar á ungmenni sem og aðra að nýta sér hana vel.

Hagræðingar sveitarfélagsins

Ungmennaráð skorar á sveitarstjórn að starfsemi félagsmiðstöðva verði ekki skert og starfsemi íþróttafélaganna í sveitarfélaginu verði áfram tryggð, komi til þess að hagræða þurfi enn frekar í rekstri sveitarfélagsins.

Frisbígolfvöllur – nýr staður

Ungmennaráð leggur til að ný staðsetning á frisbígolfvöllinum verði á Hólaravellinum.

Stúka og gólf í íþróttahöll

Ungmennaráð ítrekar að hafnar verði framkvæmdir við stúku og gólf í íþróttahöllinni á Húsavík um leið og hægt er.

Stólalyfta og töfrateppi

Ungmennaráð skorar á sveitarstjórn að tryggja að haldið sé áfram vinnu við að skoða möguleika á bæta við lyftu og töfrateppi á skíðasvæði Norðurþings.

Úti æfingartæki

Ungmennaráð óskar eftir að skoðaður verði möguleiki á að koma upp
útiæfingartækjum sbr. tækin við Borgarhólsskóla á Kópaskeri.

Fleira var ekki rætt. Fundi slitið: 18:00

Heiðis

Katna María

Guðrún Halla

Harðis Míst



Benmi